



**...tungumálið, það opnar allar  
hurðir...**

---

**Viðtalsrannsókn meðal innflytjenda á Austurlandi**

**Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir**

Maí 2019



**AUSTURBRÚ**  
þekking - þróun - þjónusta



## Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður .....	2
Inngangur .....	3
Innflytjendur á Austurlandi .....	3
Aðferð .....	5
Þátttakendur .....	5
Viðtalsvísir .....	5
Niðurstöður .....	6
Menntun .....	6
Íslenskukunnátta & íslenskukennsla .....	7
Móðurmálskennsla .....	8
Tækifæri .....	9
Fordómar .....	11
Stéttaskipting .....	11
Þátttaka .....	12
Fjölskylduvænleiki .....	13
Menningarmunur .....	14
Viðauki 1 - Viðtalsvísir .....	16



## Helstu niðurstöður

Viðtalsrannsókn þessi var framkvæmd með það í huga að kanna upplifun og viðhorf innflytjenda á Austurlandi til tækifæra eftir að niðurstöður fyrri rannsóknar höfðu bent til þess að innflytjendur teldu sig ekki búa við sömu tækifæri og aðrir Austfirðingar. Í þeirri könnun var ekki spurt sérstaklega út í hvað feldist í því viðhorfi og þess vegna var farið í þessa viðtalsrannsókn sem hér hefur verið sagt frá.

Niðurstöður þessarar viðtalsrannsóknar sýndu fram á ólíkar sögur og reynsluheima. Sumir höfðu fengið sína menntun metna hratt og náð tökum á tungumálinu. Aðrir höfðu lent í töluverðum vandræðum við að fá viðurkenningu á menntun og jafnvel farið í að endurmennta sig.

Allir voru sammála um að tungumálið væri lykillinn að samfélaginu og það að ná tökum á íslensku væri leiðin að tækifærum og félagsþátttöku. En varðandi tækifæri þá voru viðmælendur allir sammála um að það væri áskorun fólgin í því að vera innflytjandi og flestir voru á þeirri skoðun að tækifærin væru ekki endilega þau sömu, það þyrfti að leggja mikið á sig, sanna sig og þá sérstaklega varðandi íslenskukunnáttu. Hins vegar var matið á því hversu mikið meira þyrfti að leggja á sig en innfæddir mjög ólíkt. Allt frá því að telja tækifærin því sem næst eins ef þú legðir á þig vinnuna í að telja það hæpið að sitja nokkurn tímann við sama borð. Enginn taldi sig hafa betri tækifæri til starfa eða áhrifa en innfæddir. Mikilvægi þess að ná góðum tökum á íslensku leiddi einnig til umræðu um móðurmálskennslu fyrir börn innflytjenda. Stærsta erlenda málsamfélagið á Austurlandi á eftir íslensku er pólska, aðrir hópar eru fámennari. Þeir sem tilheyra fámennari hópunum gera sér grein fyrir að hæpið er að bjóða móðurmálskennslu í öðru tungumáli en íslensku á svona litlu svæði fyrir svo fáa. Hins vegar höfðu allir viðmælendur sem áttu börn (sem voru allir nema einn) ákveðið eða fengið ráðgjöf um að tala sitt móðurmál við börn sín. Einn þátttakandi sagðist ekki fara eftir þessu því börnin svöruðu honum alltaf á íslensku. Aðrir töluðu sitt móðurmál við börn sín en enginn var að kenna börnum sínum málið á skipulagðan og markvissan hátt, heldur var þetta einfaldlega tungumál á heimilinu og þó börn svöruðu á íslensku var áfram talað á erlenda málinu því þau skildu það og það skilaði sér oft í að þau gátu talað við ættingja erlendis. Þeir sem tilheyra stærri málsamfélögum vildu gjarnan fá einhvern stuðning við móðurmálskennslu barna og töldu að það væri nauðsynlegt að fara að huga að þeim málum.

Viðmælendur töldu stéttaskiptingu almennt ekki vera til staðar á Íslandi og mun minna sýnilega en annars staðar. Meirihluti hafði ekki orðið fyrir fordómum eða upplifað slíkt og taldi að það væri ekki mikið um slíkt í sínu umhverfi. Nokkrir í hópi viðmælenda höfðu upplifað fordóma en það var allt frá því að vera óáþreifanlegt í formi útilokunar eða upplifun ákveðinna viðhorfa í áþreifanlega mismunum t.d. á vinnumarkaði eða í formi sýnilegs eineltis á vinnustað.

Þátttakendur minntust margir á að samfélagið væri mjög fjölskylduvænt vegna smæðarinnar sem skapar ákveðið öryggi sem þeir telja eftir sóknarvert. Smæð samfélagsins var einnig ákveðinn menningarmunur sem margir fundu fyrir.


Almennt voru viðmældur sáttir við búsetu sína á Austurlandi og aðeins einn sagðist vilja flytja fljótlega.

## Inngangur


Austurbrú fékk styrk úr Þróunarsjóði innflytjendamála vorið 2017 fyrir rannsókn sem var ætlað að kanna stöðu innflytjenda á Austurlandi og út frá því meta núverandi verklag varðandi móttöku með það í huga að styðja við aðlögun innflytjenda að samfélaginu. Gagnaöflun var tvíþætt; annars vegar greining á samfélagslegum þáttum sem hafa áhrif á aðlögun innflytjenda. Það var gert með gagnasöfnun og samantekt upplýsinga á því hvernig umhverfið mætir innflytjendum á Austurlandi s.s. hvað varðar þjónustu sveitarfélagana, skólakerfið, heilbrigðiskerfið og atvinnu. Einnig voru heimasíður og upplýsingaveitur skoðaðar, m.a. hvort þær eru á fleiri tungumálum en íslensku og hvort til sé stefnumótun eða ferlar innan stofnana. Einnig var könnuð aðkoma frjálsra félagsamtaka að móttöku og aðlögun innflytjenda. Hins vegar var gerð spurningalistakönnun sem dreift var á vefnum og einnig var svara aflað með úthringingum. Niðurstaða þeirrar rannsóknar benti til þess að almennt aðlagist innflytjendur nokkuð vel að samfélaginu og séu almennt sáttir við það umhverfi sem mætir þeim þegar þeir flytjast á Austurland og telja að vel sé tekið á móti þeim, upplýsingagjöf sé nokkurn vegin í lagi og að þeir mæti stuðningi samfélagsins við að aðlagast. Einhver menningarmunur var til staðar en upplifun af honum var nokkuð bundinn við upprunaland en menntun hafði einnig mikil áhrif. Viðhorf til skólamála sýndu að innflytjendur með börn á skólaaldri voru ánægðir með móttöku, almennan stuðning og upplýsingaflæði en vildu sjá meiri stuðning við tvítyngi barna og móðurmálskennslu. Þeir vildu jafnvel sjá sérstakan stuðning við móðurmálskennslu. Þátttaka í félagsstarfi var þó nokkur, en um 60% svarenda sögðust taka þátt í einhverjum félagsstörfum utan vinnu. Annað atriði sem kallaði á sérstaka athygli voru tækifæri innflytjenda, en um helmingur svarenda taldi sig ekki búa við sömu tækifæri og innfæddir. Því var ákveðið að sækja um styrk til að skoða þennan þátt betur og hvað í þessu viðhorfi fælist. Styrkur var veittur úr Þróunarsjóði innflytjendamála og er sú vinna sem hér er kynnt afrakstur rannsóknar sem framkvæmd var í því skyni að læra meira um tækifæri innflytjenda á Austurlandi.

## Innflytjendur á Austurlandi

Á Austurlandi búa rúmlega 10 þúsund íbúar sem eru um 3% af heildaríbúafjölda Íslands. Af þeim 10 þúsund sem búa á Austurlandi eru tæplega eitt þúsund innflytjendur frá tæplega 50 löndum. Hlutfall erlendra ríkisborgara á landinu öllu er um 9% eins og á Austurlandi. Hæst er hlutfallið á Vestfjörðum eða um 12% íbúa en lægst á Norðurlandi þar sem 5% íbúa eru erlendir ríkisborgarar. Í hópi innflytjenda á Austurlandi eru Pólverjar langfjölmennastir, þeir eru um 550 á Austurlandi og tæp 59% íbúa af erlendum uppruna. Karlar eru fjölmennari í hópi innflytjenda en konur og eru um 500 en konur eru tæplega 400. Kynjahlutfallið er sums staðar á Austurlandi mjög ójafnt. Á Eskifirði eru erlendir karlar til að mynda tveir þriðju af íbúum af erlendum uppruna. Kynjahlutföll eru fremur ójöfn á öllum þéttbýlisstöðum Austurlands en án tillits til uppruna eru konur 47% og karlar 53% íbúanna, þar munar u.þ.b. 600 manns. Í öllum landshlutum utan Höfuðborgarsvæðisins eru karlar fleiri en konur, en hvergi munar jafn miklu og á Austurlandi. Innan Austurlands eru kynjahlutföllin einna jöfnust á Fljótsdalshéraði og á það bæði við um íslenska og erlenda ríkisborgara.



Í rannsókninni frá 2017 voru innflytjendur beðnir að meta nokkrar fullyrðingar varðandi aðlögun að samfélaginu á skalanum 1-4 þar sem 1 var *Mjög sammála* og 4 var *Mjög ósammála*. Niðurstaðan var almennt jákvæð á þann hátt að innflytjendur töldu sig mæta jákvæðu viðmóti og aðlagast samfélaginu vel. Þeir áttu íslenska vini og vildu aðlagast og taka þátt í samfélaginu. Þeir töldu jákvæð viðhorf mæta tvítyngdum börnum en töldu ekki vera til staðar stuðning við það að efla móðurmál og viðhalda tvítyngi. Enn fremur taldi tæplega helmingur sig ekki hafa sömu tækifæri og aðrir íbúar Austurlands.



Í rannsókninni frá 2017 var enn fremur spurt um þátttöku í félagsstarfi. Alls svöruðu 60% því játandi að þeir tækju þátt í því ef íþróttir voru taldar með en hlutfallið var 40% ef íþróttapátttaka var ekki talin með. Sambærilegar tölur fyrir almenna þátttöku íbúa á Austurlandi eru ekki til og því ekki hægt að álykta um hvort þátttakan er mikil eða lítil. Nokkur munur var á þátttöku í félagsstarfi eftir kynjum. Konur voru virkari í öllu félagsstarfi en karlarnir nema sókn á menningarviðburði og nokkuð jafnt

hlutfall er í íþrótt- og trúarstarfi. Konur voru mun fleiri meðal þeirra sem tóku þátt í foreldrarstarfi og starfi RKÍ. Þær voru líka fleiri sem virkir þátttakendur í menningarstarfi en nokkuð jafnt hlutfall sótti menningarviðburði.

## Aðferð

Rannsóknin er viðtalsrannsókn það sem stuðst var við hálfopinn viðtalsvísi (viðauki 1) í anda eigindlegra rannsóknarhefðar. Unnið var með snjóbolta- og hentugleikaúrtak. Viðtölin voru greind með þemagreiningu þar sem leitað var skipulega eftir endurteknum sameiginlegum atriðum en um leið haft auga fyrir því sem skar sig úr.

## Þátttakendur

Viðtöl voru tekin við 11 innflytjendur á Austurlandi sem búsettir voru á Fljótsdalshéraði, í Fjarðabyggð og á Seyðisfirði, fimm konur og sex karla. Þátttakendur voru frá 11 löndum. Skilyrði fyrir þátttöku voru að hafa búið á Austurlandi eða Íslandi í að minnsta kosti 3 ár en meðal búsetu lengd var tæp 8 ár. Einnig þurftu viðmælendur að vera á aldrinum 30-45 ára, meðalaldur var 37 ár. Þrír voru 35 ára eða yngri, fimm voru á aldrinum 36 til 40 ára og þrír voru 41 árs eða eldri. Viðkomandi þurftu einnig að geta talað þannig íslensku að þeir gætu skilið það sem fram fór í umhverfinu og tekið þátt í daglegum samræðum. Gerð var krafa um að viðmælendur hefðu menntun á háskólastigi eða viðurkennda iðnmenntun en átta voru með háskólamenntun og þrír með iðnmenntun. Allir voru í sambúð og allir nema tveir með börn. Sjö voru í sambúð með Íslendingi, tveir með útlendingi af sama þjóðerni og tveir útlendingi af öðru þjóðerni.

## Viðtalsvísir

Þátttakendur voru spurðir bakgrunnsspurninga s.s. varðandi búsetulengd, flutninga innanlands, hvort þeir væru ríkisborgarar og um menntunarstöðu. Spurt var í framhaldi um nýtingu menntunar og almennt um tækifæri innflytjenda á Austurlandi og Íslandi búsetu innan Austurlands og svo um mat á eigin tækifærum. Ennfremur var spurt um viðhorf til stéttaskiptingar á Íslandi og þátttöku í samfélaginu; bæði formlega s.s. í stjórnámálum og félagasamtökum og svo óformlega eins og í skólastarfi og íþróttum. Alltaf var boðið upp á að bæta við öðru en spurt var um og nýttu viðmælendur sér það oft til að undirstrika sérstaklega eitthvað af svörum sínum eða bæta við.

## Niðurstöður

Ýmsar áhugaverðar niðurstöður komu fram í viðtölunum. Taka má saman í þrennt þá upplifun og viðhorf sem þar kom fram; upplifun og reynsla af því að fá menntun sína viðurkennda eða sækja sér menntun á Íslandi, upplifun af tækifærum og svo þátttaka.

## Menntun

Þar sem eitt skilyrði fyrir þátttöku var að viðkomandi hefði háskólamenntun eða iðnmenntun var spurt var sérstaklega um hvernig gengið hefði að fá menntun metna; hvort unnið væri við það sem viðmælandi hafði menntað sig í og hvernig það hefði gengið fyrir sig að fá það metið.

Þeir sem voru í sambúð eða giftir Íslendingum sögðu það hafa liðkað mikið fyrir:

*Konan mín hjálpaði mér svo mikið með allt saman*

*Já það hjálpaði mér mjög mikið með vinnuna, hún var að hjálpa mér að þýða og leita að hlutum fyrir vinnuna.*

Það er mat sumra að uppruni skipti máli þegar kemur að því að fá menntun metna. Viðmælendur frá Asíu og Afríku höfðu átt í töluverðum erfiðleikum við að fá mat á sinni menntun Einn viðmælandi frá Afríku sagði um mat á menntun:

*Já algjörlega.. sérstaklega ef þú ert utan Evrópu*

*Ég fór með skírteinið mitt frá [X-landi] uppá skrifstofu í Reykjavík.. til þess að bóka mig í kerfið og geta haldið áfram að mennta mig.. en síðan heyrði ég ekkert frá þeim og hafði samband mörgum mánuðum síðar og þá höfðu þau ekki gert neitt með pappírana mína. Hún sagði mér að hún hefði sent tölvupóst á skólann minn í [X-landi] og að þau höfðu ekki svarað henni.. ég sagði henni að háskólarnir í mínu landi eru ekki mikið fyrir að svara tölvupóstum.. en ég líka kláraði skólann fyrir tíu árum.. en já þau svara ekki tölvupóstum.. ég sagði henni að ég vildi fá pappírana til baka og ég gafst upp en þá sagðist hún ætla að reyna einu sinni í viðbót.. hún ætlaði að hafa samband við skrifstofurnar í Noregi og ég sagði já ókei.. síðan sagði hún mér að þetta var samþykkt*

*Þetta tók um þrjú ár.. en mér líður eins og.. mér líður eins og þeir sem höndla mál fyrir innflytjendur geti aðeins höndlað takmörkuð mál t.d. allir innflytjendur sem flytja hingað þurfa að fara í gegnum sama kerfið og þau hafa nóg að gera.. ég held að það vinni fáir þarna og að umsóknir séu að hrannast upp*

Aðrir höfðu einfaldlega gefist upp og endurmenntað sig og átti það við um tvær konur frá Asíu:

*Ég var bara ný útskrifuð þegar ég flutti hingað og hef aldrei unnið við það og svo kom ég hingað og þú veist tala ekki tungumálið og þurfti bara að byrja uppá nýtt sko en núna þú sérð að það er ekki margt sem maður getur notað hérna á Austurlandi.*

*Fann enga pappíra sem ég var með út í [X]. Ég var búin að flytja og reyndi seinna að leita í skólanum og það var ekki tölvuskráð þá. Skólinn var búin að loka þessu en ég reyndar leitaði ekki seinna.*

Tíminn sem tekur að fá menntun metna þykir óþægilega langur og fólk hafði oft beðið í marga mánuði eftir svörum. Fagmenntaður innflytjandi í starfsgrein sem er mikill skortur á menntuðu starfsfólki í var maki eins viðmælenda sem sagði að nú væru liðnir nokkrir mánuðir og á meðan ynni viðkomandi í fiski

*Já [X] er menntaður [fag sem þarf viðurkenningu yfirvalda] og er að reyna að fá pappírana sína þýdda og gilda hér á landi. Við erum að bíða... Ég á erfitt með að útskýra þetta.. en þegar [X] fær svör þá getur [X] sótt um sem [fagmenntun] hér á [Austurlandi]*

Aðrir og þá sérstaklega fólk frá Evrópu átti auðvelt með að fá menntun sína viðurkennda og upplifði litla sem enga töf þar á. Um leið fengu þeir viðmælendur oftast störf sem samræmdust þeirra fyrri menntun.

### Íslenskukunnátta & íslenskukennsla

Tungumálið er lykillinn að samfélaginu að mati viðmælenda og kemur það ekki á óvart enda líklega svo á alþjóðavísu. Allir viðmælendur töluðu nokkuð góða íslensku enda var það eitt skilyrði þátttöku. Auðheyrt var á öllum að íslenska var ekki þeirra móturmál og mikið um beygingarvillur og orðaforði misríkulegur. Sumir töluðu hratt og óhikað og virtust vera vanir að tala á íslensku á meðan aðrir þurftu að leita að orðum eða fara lengri leið að því að koma frá sér, jafnvel bregða fyrir sig ensku. Íslenskan kom mishratt hjá þeim en fyrst og fremst er það ákvörðunin; að ákveða að ná tökum á tungumálinu sem er lykilatriði og það eru þau öll sammála um.

*Auðvitað.. er mjög mikilvægt þegar fólk er að flytja til Íslands og er að byrja læra tungumálið, það opnar allar hurðir*

Leiðin að því að læra íslensku var ólík milli einstaklinga en langflestir höfðu farið á einhver íslenskunámskeið sem ætluð eru útlendingum. Námskeiðin höfðu gagnast þeim misvel, sumum gekk vel að nota efnið sem það stóð til boða.

*Við ákváðum að mæta bara og fengum bókina úr áfanga númer eitt með okkur heim og fórum yfir þá bók alveg í eina viku. Það var mjög góður grunnur fyrir námskeiðið. Við vorum örugglega betri en allir hinir því margir sem mætti voru bara þarna að hanga og hafa gaman og aldrei að læra neitt.*

En öðrum hentaði ekki að vera á námskeiði og fóru aðra leið og tóku sig saman á eigin vegum

*Maður þurfti auðvitað að ákveða sig, ef ég ætla að búa hérna þá verður maður að læra þetta blessaða tungumál tungumálið. Ég hugsaði fyrst „nei hvernig á maður að tjá sig með þessu“. Sko, mín skoðun er sú að það þýðir ekkert fyrir Pólverja að fara á Íslenskunámskeið þar sem Íslendingur er að kenna. Pólverjar tala oft ekki ensku og það er ekkert samband á milli og kennarinn kann ekki að tala við þá. [...] Það sem hjálpaði mér mest var að hittast með pólskum vinum mínum sem töluðu bæði íslensku og ensku. Við skrifuðum setningu á pólsku, þýddum hana yfir á ensku og síðan á íslensku. Svo skrifuðum við nákvæmlega upp hvernig átti að bera öll orð fram á íslensku og höfðum pólsku stafina inn í því með öllum hljóðum. Við vorum bara smá eins og leikskólabörn...*

Enn aðrir lærðu málið með því að láta endalaust vaða í samskiptum og fá strax athugasemdir og ráð þegar þau eru í aðstæðunum.



*ég held að það sé langbest að tala við ykkur. Ekki vera bara útlendingar í sínum hóp og tala við hvern annan og vilja ekki tala við neinn og taka þátt í neinu. Mér finnst mjög gott að læra í vinnunni og láta þau leiðrétta tölvupóst og láta fólk leiðrétta allt vitlaust sem ég segi.*

En íslenskukunnáttan var viðmælendum mjög hugleikin og allir töluðu mikið um ferlið að læra málið, mikilvægi þess að geta notað íslenskuna og hvernig tungumálið hangir saman við tækifæri til starfa og tækifæri til félagslegrar þátttöku.

*Ög önnur störf sem ég gæti unnið við krefjast góðrar íslensku kunnáttu sem ég hef ekki enn þá svo það væri áskorun.*

*bara tungumálið er að flækjast fyrir mér, ég skil ekki mikið af erfiðum orðum.. Til dæmis ef það er ráðstefna þá skil ég ekki neitt.. en það er mér að kenna.. ég er búin að vera hér í fimm ár.. en ég ætla að læra meira..*

Að ná betri tökum en bara í daglegum samskiptum er mikilvægt ef fólk vill hafa áhrif og koma skoðunum sínum varðandi mikilvæg mál á framfæri.

*Auðvitað finnst manni stundum eins og maður sé svolítið út undan, til dæmis þegar þú ert í fjölmenni eða ef ég er með [x] og allir tala íslensku. En það getur samt verið gott að hlusta og reyna að læra íslensku þannig, enda myndi ég alltaf segja að ég skilji íslensku betur en ég tala hana. En stundum þarf maður líka bara aðeins að slaka á og hætta að hugsa um að maður tali ekki íslensku. Því ég þekki útlendinga hérna sem tala mjög góða íslensku og þeir geta tekið miklu meira þátt til dæmis hvað varðar pólitík. Ég meina ef þú ferð á bæjarfund hér þar sem fólk talar um framtíð bæjarins og þú getur ekkert tekið þátt í þeim samræðunum, það er svo pirrandi. Maður vill taka þátt og koma með góðar hugmyndir en þá er maður að þvinga alla aðra til þess að taka ensku og það er ef þeir vilja tala ensku, það er mikil pressa á mér að reyna að læra íslensku.*

## Móðurmálskennsla

Þegar spurt var um menntun og talið leiddi að íslenskukennslu og/eða kunnáttu þá kom umræðan um móðurmálskennslu tvítyngdra barna upp. Sjö viðmælendur áttu íslenskan maka og því var þeirra móðurmál nokkurs konar auka tungumál á heimilinu þar sem samskiptin við íslenska makann fóru jafnvel fram á ensku að hluta þar sem þau höfðu hafist þannig áður en viðkomandi lærði íslensku. Af þessum sjö voru tveir sem ekki áttu börn og einn sem ekki talaði sitt móðurmál við börn sín en aðrir gerðu það þó börnin svörðuðu jafnvel til baka á íslensku. Þeim fannst það mikilvægt jafnvel þó börnin gætu ekki talað tungumálið að þau kynnu eitthvað sérstaklega til að kynnast fjölskyldu í öðru landi og menningu. Þeim fannst erfitt að sjá fyrir sér hvernig væri hægt að styrkja börnin í að læra tungumálið öðruvísi en á þeirra eigin ábyrgð enda var annað foreldrið íslenskt og því ekki sama hætta á slæmum áhrifum á skólagöngu eins og þar sem báðir foreldrar eru með annað tungumál en íslensku. Allir gerðu sér hins vegar grein fyrir því að það væri kostur og tækifæri ef einhvern vegin væri hægt að vinna betur með „auka-tungumálið“ því ef það er enginn stuðningur þá er innflytjandinn einn á heimilinu með sitt móðurmál og börnin missa af tækifærinu til að læra það.

*ég hef aldrei verið nógu góður í að tala [X] við börnin mín því að allir tala við þau á íslensku og þá er bara auðveldara fyrir mig að tala íslensku, þau skilja mig þá. Þau skilja mig ekki þegar ég er að tala [X]*

Fjórir af viðmælendum voru í sambúð og áttu börn með öðrum innflytjanda, tveir með sama þjóðerni og tveir með öðru þjóðerni. Þessum einstaklingum var það mikið í mun að börn þeirra lærðu móðurmál foreldranna og stærsta erlenda málsamfélagið, það pólska, hefur í raun kallað eftir því að fá pólskukennslu inn í grunnskólana.

*Það er bara eitt sem ég vill leggja áherslu á en ég er búin að nefna það. Það er þessi pólskumælandi kennari. Mér finnst það mjög mikilvægt. Ég ýtti mikið á [stjórnendur] að fá pólskan kennara til að kenna krökkunum. Það er alveg skýrt að þegar krakkar tala pólsku að þá er svo mikilvægt að þau kunni mjög vel pólsku til þess að þeir tali vel íslensku*

Innflytjendurnir eru meðvitaðir um það að þeir eru sjaldnast sjálfir að fara að geta aðstoðað börn sín við íslenskunám og þeim finnst mjög mikilvægt að vel sé staðið að íslenskukennslu fyrir börn sem eiga foreldra með annað tungumál en íslensku. Í dag er foreldrum ráðlagt að tala sín móðurmál við börn sín, það var ekki þannig áður og voru dæmi um hvort tveggja í hópi viðmælenda.

*Okkur var ráðlagt þetta á fæðingardeildinni að við ættum ekki að tala íslensku við barnið okkar. Því við kunnum ekki að gera það rétt. Barnið okkar lærir bara hjá ykkur Íslendingum. Við tölum heima [x] en það er líka [x] heima hjá okkur.*

## Tækifæri

Mat viðmælenda á eigin tækifærum var oft mjög ólíkt og að hluta til nokkuð kynjaskipt. Með tækifærum var átt við tækifæri til starfa, tækifæri til að sanna sig almennt á vinnumarkaði og svo félagsleg tækifæri. Á vinnumarkaði var nokkur munur milli karla og kvenna og svo eftir uppruna. Aðeins einn viðmælandi taldi sig standa nokkuð jafnfætis innfæddum hvað varðaði tækifæri en tók fram að það væri af því hann væri þannig, léti ekkert stoppa sig. Aðrir voru almennt sammála um að tækifærin væru einfaldlega ekki þau sömu og það byggði á því að viðkomandi væri útlendingur. Þar var tungumálið hindrun, viðurkenning á menntun, ólík menning og svo takmarkaður vinnumarkaður það er að segja hvað varðar fjölbreytni starfa. Evrópubúar voru almennt jákvæðari hvað varðaði tækifæri og þeir sem voru með iðnmenntun, allt karlar höfðu allir fengið sína menntun viðurkennda án vandræða.

Að vera innflytjandi og með erlent nafn var talin hindrun fyrir því að fá yfirhöfuð tækifæri til að sanna sig á vinnumarkaði þegar um var að ræða önnur störf en í verslun og þjónustu eða iðnaði. Allir viðmælendur í rannsókninni voru með háskólamenntun eða löggilda iðnmenntun og því höfðu þeir allir reynt á eigin skinni hvernig tækifærin á íslenskum vinnumarkaði eru þegar sóst er eftir störfum sem krefjast ákveðinnar menntunar og hæfni.

*Oftast fá innflytjendur ákveðin tækifæri en vilja þau ekki endilega. ... þess vegna eru flestir að vinna í fiski eða að vinna í einhverjum öðrum láglaunastörfum.. Íslendingar vilja ekki láta útlendingana, treysta ekki útlendingunum fyrir góðri vinnu eða vinnu sem er með ábyrgð.*

*Já ég er alveg viss að Íslendingar vilja ekki vinna mikið .. í einhverjum þannig störfum því að vinnutíminn er langur og oft á kvöldin. Íslendingar kjósa sjálf að vinna ekki við þessi erfiðu störf. En það er það sama [í heimalandi mínu] líka.....Þar eru útlendingar að vinna í láglaunastörfum.*

Tveir þátttakenda höfðu breytt nafni sínu í íslenskt nafn. Ekki aðeins til að auka tækifæri sín en líka til að passa betur inn.

*Nei því miður. Þú veist eins og manni langar stundum að... Þegar ég var að byrja, maður tekur bara eftir því þegar það kemur útlenskt nafn upp í ferilskrá þá bara strax: Æ þetta er [útlenskt] afgreiðslufólk eða fólk við þrif eða .. þetta er svona tilfinning..*

Tækifærin og færni í tungumálinu voru samhangandi en það skipti líka máli að hafa tengslanet.

*Fyrir utan tungumálið og menntunina þá þarftu líka að þekkja fólk.. fólk sem veit hvar tækifærin eru*

En sumir fengu tækifæri til starfa vegna þess að enginn Íslendingur fékkst til starfans.

*Þegar ég var í viðtal fyrir vinnuna þá var fyrsta spurningin: Talar þú íslensku? Ég sagði ég tala ekki íslensku og þá sögðu þeir að það væri nauðsynlegt. .... en allveganna ég fékk vinnuna en þau sögðu að ástæðan væri að ég fékk vinnuna var að ég sagðist geta flutt austur.*

Eða vegna þess að allt í einu varð þörf fyrir þekkingu sem áður var ónýtt.

*Ég eyddi fjórum árum að vinna í [ófaglært láglaunastarf] þangað til að yfirmaðurinn minn kom til mín og spurði mig út í [sérfræðikunnáttu mína] og vildi fá mig í sérverkefni. En honum var alveg sama.. þangað til að honum vantaði einhvern sem kunnir á þetta*

En þó nokkuð var um að viðmælendur kynnu sögur af faglærðu fólki sem var að vinna láglaunastörf á Íslandi en vegna atvinnuástands eða aðstæðna í heimalandi viðkomandi var lítið um vinnu. Vinnumenning á Íslandi var öðruvísi en fólk átti að venjast en nær allir komu frá löndum þar sem atvinnuleysishlutfall var mun hærra en á Íslandi.

*Ég vil fá að segja um vinnuna. Að menningin okkar er mismunandi. [Í mínu landi] er mjög mikið um atvinnuleysi.. þannig ef þú vilt halda vinnu þá þarftu að gera þitt besta alltaf! En fyrir Íslendinga er það kannski aðeins auðveldara. ... ef þeim finnst vinnan leiðinleg þá munu þau bara fara eitthvert annað. Mér finnst þarna vera munur á Íslandi og [mínu landi]. Þar þá viltu halda vinnunni þinni og vinna mikið, aftur á móti, ef þú færð starfsmann í vinnu sem er latur hér á Íslandi þá geturðu varla gert neitt í því.*

En vegna atvinnuleysis í heimalöndum þó nokkuð margra viðmælenda þá töldu þeir þegar allt væri talið saman og ef þú næðir tókum á tungumálinu þá væru tækifærin á Íslandi jafnvel betri en í heimalandinu. En það væri að því gefnu að menntun væri metin, tókum náð á tungumálinu og einhver gæfi þér fyrsta tækifærið.

*Ég held að tækifærin hérna séu almennt betri hérna en í [X]. ... þar er miklu meiri samkeppni. En ég held samt að ef að maður er duglegur að vinna og maður vill vinna þá er það bara ekkert vesen finnst mér.*

## Fordómar

Meira en helmingur hafði ekki upplifað fordóma eða sex af viðmælendum, en fimm þeirra höfðu upplifað einhvers konar fordóma en þó var sjaldgæft að það væri oft. En fyrir kom að upplifunin var niðurbjótandi og sterk:

*Þetta var bara einelti. Gerðu þetta og gerðu hitt og það núna! Hún hreytti bara í mig og var virðingarlaust. En þetta var grunn ástæða þess að ég fór í háskóla [...]. Af því að ég vildi að fólk hérna myndi bera virðingu fyrir mig. Ég sá bara að fólk bar enga virðingu fyrir mér. ... Mér finnst útlendingar vera í veikari stöðu. [...] til dæmis vegna tungumálaerfiðleikum. Þá eru menn að tjá sig minna og þá gefur maður frá sér tilfinningu eins og maður sér veikari. Af því að maður er ekki með sterkar skoðanir eða ef maður vill ekki tjá sig. Ef ég væri í [X] myndi ég ekki lenda í þessari stöðu. Fólk myndi ekki vaða svona mikið yfir mig.*

Fordómarnir voru fyrir suma ákveðið misrétti sem þeir stóðu frammi fyrir þar sem beinlínis var verið að brjóta á réttindum þeirra í þeirri von um að þeir þekktu þau ekki.

*til dæmis í vinnunni þá .. ég vil ekki vera að ásaka neinn hérna.. en almennt þá finnst mér eins og yfirmennirnir í vinnunni minni séu að svindla stundum á innflytjendum.. innflytjendur vita ekki um réttindi sín í vinnunni.. til dæmis þá var eitt atvik.. ég lenti í ágreiningi í vinnunni í sambandi við veikindaleyfi.. þau sögðu við mig að ég ætti aðeins inni tvær vikur í veikindaleyfi en ég sagði þeim að ég væri búinn að vinna eitt ár þannig að ég ætti að minnsta kosti að eiga þrjár vikur í veikindaleyfi..*

En gátu líka komið fram í óáþreifanlegu formi. Þar sem viðkomandi finnur að það er vegna uppruna síns sem hann fær aðra framkomu, þjónustu eða viðmót.

*Stundum já.. stundum nei.. stundum er erfitt að vera útlendingur.. stundum rekst ég á gamaldags hugsun*

En almennt höfðu viðmælendur í þessari rannsókn ekki sterka eigin reynslu af fordómum og aðeins tveir sem höfðu orðið fyrir því sem þeir upplifðu sem alvarlega mismunum sem byggði á þeirra uppruna og stöðu sem innflytjenda. Fordómar þrífast í öllum samfélögum og Ísland er langt í frá að vera slæmt hvað það varðar í þeirra huga.

*en til þess að vera sanngjarn verð ég að segja að ég veit aðeins um eitt eða tvö atvik sem tengjast rasisma sem ég hef upplifað hér á landi*

Um leið var ákveðinn skilningur fyrir því að upp kæmu aðstæður sem ef til vill sköpuðu fordóma og það þarf að vera meðvitaður um þær.

*Ég skil Íslendinga samt líka. Þetta er stundum erfitt fyrir þau að allt í einu er allt fullt af útlendingum sem er ekki hægt að tala við einu sinni. Ég var vitni af því í Reykjavík t.d. að þar var gömul kona sem ætlaði að kaupa sér ís. Og afgreiðslukonan svaraði að hún talaði ekki íslensku og konan talaði ekki ensku. Svo konan gat ekki í sínu eigin landi talað sitt tungumál og það er auðvitað hræðilegt. Á svona dæmum byggjast fordómar oft.*

## Stéttaskipting

Oft hefur verið talað um að Ísland væri stéttlaust land að mestu leyti þó að á síðari árum og áratug hafi komið oftar fram í rannsóknum að slíkur munur væri raunverulegur og sýnilegri en áður. Spurt var um hvort innflytjendurnir hefðu orðið varir við slíka stéttaskiptingu. Aðeins einn taldi stéttaskiptingu vera

sýnilega en aðrir töldu hana annað hvort ekki vera til staðar eða mjög lítið sýnilega. Flestir gátu tekið mið af eigin menningu sem í flestum tilvikum var mun meira stéttskipt.

*Nei. Ekki eins og [í X landi]. En ég get séð til dæmis að það er munur á milli fólks sem er með menntun og fólk sem er ekki með menntun. En hér er ég með yfirmann og hann lítur ekki á sig sem betri manneskju*

*á Íslandi er ríkt fólk og fátækt fólk en samt finnst mér ekki svo mikill munur á milli þeirra heldur en í öðrum löndum. Auðvitað er mikill munur þarna á milli, það er engin spurning en maður sér það oft ekki. Erfitt oft að meta hver er ríkur og hver ekki.*

Flestir voru að líta til efnahagslegra skilyrða og bentu einnig á að það væri kannski öðruvísi að búa úti á landi en í stærri bæjum á Íslandi án þess þó að vita eða fullyrða.

*Maður sér það kannski minna hérna út á landi því það er eiginlega ekki möguleiki á að eyða mikið að peningum og að sýnast. Samfélagið hérna er mjög gott og þétt. Fólk hjálpar hvor öðru og sýnir samstöðu. Það skiptir ekki máli við hvað þú vinnur eða hversu há laun þú hefur heldur hvernig þú kemur fram.*

## Þátttaka

Þeir sem rætt var við voru ekki allir staddir þannig að félagsleg þátttaka væri mikil og var þar stundum um að ræða tímaleysi vegna ungra barna eða mikillar vinnu en langflestir höfðu áhuga á að vera félagslega virkir. Í raun var aðeins einn sem sagðist ekki þurfa meira félagslíf en hann var mjög upptekinn af fjölskyldunni sinni. Flestir voru þó sáttir við stöðuna hjá sér félagslega þó þeir gætu bætt við sig félagslega.

*Já og mér leiðist aldrei. Fólk spyr mig oft hvort mér leiðist ekki alveg hrikalega en ég er alltaf að gera eitthvað og alltaf upptekin. Ég get alltaf hringt í einhvern og spurt hvort einhver sé til í kaffi. Það er svo auðvelt að hittast ef maður vill og stundum get ég það ekki einu sinni því ég er svo upptekin.*

Takturinn í íslensku samfélagi var þó oft nefndur en það að vinna mikið og hafa ekki nægan tíma kom upp í mörgum samtölunum.

*en ég á ekki marga vini utan vinnu.. það fara allir þreyttir heim eftir vinnu.. það er ekki mikið um félagslíf.. en það er líka ekki mikið um hluti sem hægt er að gera.. en það er líka mjög mikið að gera í vinnunni*

Enginn var þátttakandi í pólitísku starfi en einn hafði verið beðinn um það og afsagði það ekki í framtíðinni og annar sá fyrir sér að taka þátt síðar í pólitík þegar tungumálið væri orðið enn betra. Fólk hafði verið mispólitískt í heimalöndum sínum og hjá sumum var áhuginn á að hafa áhrif mjög takmarkaður eða það taldi sig ekki eiga erindi. Þátttaka í skipulögðu félagastarfi var nokkuð almenn og þá var Rauði krossinn og slysavarnir eða björgunarsveit það sem fólk var að taka þátt í. Um helmingur var virkur í íþróttastarfi og tók þátt í hópíþróttum. Þar voru karlar mun virkari en konur og þeir voru mun oftar í fótbolta eða því um líku. Aðeins ein konan var virk í íþróttum og engin þeirra var í saumaklúbb og sagði ein það svo að það væri ekki verið að bjóða útlendingum í svoleiðis.

*Já það gæti verið. Eins og engin vill bjóða mér í saumaklúbb. En svo sé ég Íslendinga sem eru nýflutt hingað og eru mjög fljót að komast inn í svoleiðis klúbba. En hérna er enginn að bjóða mér. Ekki eins og annarsstaðar á Íslandi eða í Noregi og þá var fólk bara mjög fljótt að bjóða mér.*

Konur voru í raun oftast einangraðar, bæði á vinnustöðum og almennt félagslega, algengara var að konur ættu enga íslenska vini. Karlar virtust oftast lýsa því að eignast vini á vinnustað sem svo leiddi jafnvel til þess að þeir fóru að taka þátt í íþróttum eða öðru tómstundastarfi. Varðandi þann þátt að eignast vini og kynnast nýju fólki þá er auðvitað um ákveðinn einstaklingsmun að ræða og ólíka persónuleika en viðmælendur vildu samt almennt meina að það væri menningarmunur varðandi félagslega þátttöku og persónulegan vinskapa. Bæði var um að ræða afgerandi menningarmun

*Í minni menningu er fólk mikið meira náíð.. þau geta talað um allt.. alla erfiðleika og talað við ókunnunga.. eða spurt vini þína um þeirra persónulega líf.. fólk er meira opið [í X].. þar geta allir talað um allt og ef þú ert forvitin um eitthvað þá spyrðu bara og enginn verður móðgaður.. við tölum mikið saman.. en það er öðruvísi á Íslandi..*

*Margir eru mjög varkárir með það sem þeir deila með öðrum, jafnvel innan fjölskyldunnar.. ég er ekki vanur því.. ég er vanur því að vera forvitin og spyrja fólk hvernig gengur með alls konar mál en núna er það of mikið fyrir Íslendingana.. það er eins og þau séu lokaðri.. En [X] er líka frekar fátækt land þannig að það er mjög mikið um hjálparsamtök. Þú finnur engin hjálparsamtök hér.. flestir eiga gott líf*

og svo mun sem kemur fram í því að Íslendingar haldi ákveðinni fjarlægð

*Já.. eða ég þekki fullt af fólki en ég veit ekki alveg hverjir eru svona vinir mínir og hverjir ekki.. ég býin að ákveða að ég verð að læra tungumálið.. ég verð að verða partur af samfélaginu.. og reyna að tala við fólk.. ég bara mátti ekki gefast upp.. bara ekki gefast upp.. já, já Íslendingar geta verið kaldir og lokaðir en ég hætti ekki að reyna..*

En fylgist samt með og fagni því til dæmis þegar innflytjendur fá íslenskan ríkisborgararétt. Sem dæmi sagði einn viðmælandi sem ekki sagðist eiga marga vini, svo frá:

*...þegar ég var að pósta því á Facebook að ég væri komin með íslenskan ríkisborgararétt þá voru 100 komment eða eitthvað að segja til hamingju! Ég bara ókei.. þá greinilega skiptir þetta máli..*

En félagsleg aðlögun og þátttaka byggir mikið á einstaklingnum og innflytjendurnir sem var rætt við minntust reglulega á að það væri þeirra ákvörðun að búa hér og með henni fylgdi að læra tungumálið og koma sér inn í félagslíf samfélagsins. Þeir voru nokkuð gagnrýnir á þá sem ekki lögðu sig fram og sinntu því ekki að læra íslensku.

*Það þarf aðeins að opna sig og leyfa fólki að kynnast sér og þetta virkar báða vegu. Sumir vilja það ekki og sumir eru frekar lokaðir og hugsa að þeir séu bara tímabundið hérna í nokkra mánuði eða ár eða bara til að safna fyrir íbúð. Sumir segjast ætla að vera hérna stutt en enda svo á að vera hérna í átta til tíu ár. Taka engan þátt í neinu og þekkja bara fólk sem þeir eru að vinna með.*

### Fjölskylduvænleiki

Allir viðmælendur nema tveir áttu börn. Í viðtölunum kom nokkuð oft fram að einn kosturinn við að búa á Austurlandi væri öryggið og rólegheitin fyrir barnafjölskyldur sem var ólíkt því sem þau áttu að venjast frá sínum heimalöndum. Stundum vantaði þó eitthvað upp á afþreyingu og fjölbreytnin var takmörkuð. Börnin voru hins vegar oft tenging innflytjendanna við samfélagið, við Íslendinga, við viðburði og það sem var að gerast hverju sinni.

*Mér finnst þetta ... það er rólegt hérna og þú veist eins og fyrir krakka mjög öruggt en það er þú veist svo lítið að gera á Austurlandi mér finnst það svolítið leiðinlegt.*

*Mér finnst [X] vera frábær staður til að búa á.. Þetta er lítill bær.. Ég get leyft krökkunum mínum að fara í heimsóknir og ekki verið stressuð.. það er gott fyrir börn að búa hér.. uuu.. og mér finnst þetta bara flott samfélag.. en auðvitað geta verið gallar á hverjum stað en ég hef fundið það að ef eitthvað kemur upp á.. eða ef einhverjum vantar hjálp, þá hjálpast allir að.*

Þegar börn eldast breytast hins vegar kröfurnar og þá kemur fram bæði það sem áður hefur verið rætt um varðandi tungumálakennslu tvítyngdra barna, að þar þurfi að vera góður stuðningur í boði fyrir þá sem hann þurfa en líka um gæði kennslu og skóla þar sem ekki allt er í boði og jafnvel samkenntla í gangi.

*Mér finnst ekki lögð nógu mikil áhersla á kennsluna allavega ekki líkt og annarsstaðar. En líka maður getur aldrei farið með skólanum í dýragarð eða á safn því það er ekki til staðar. Svo skólinn er líklega eina ástæðan fyrir því að ég myndi íhuga það að flytja eitthvert annað. Þetta snýst allt um gæði kennslunnar. Ég veit að þau reyna eins og þau geta. [...] hafa engar efnafræðistofur eða neitt slíkt. Þetta er bara lítill skóli út á landi og maður verður stundum að hugsa hvað er það besta fyrir barnið mitt og hvernig þetta verða í framtíðinni.*

## Menningarmunur

Að koma til Íslands frá oft mun stærri samfélögum kallar eðlilega á aðlögun. En samfélög eru ólík og hefðir og venjur geta komið fólki á óvart. Hins vegar var enginn sem minntist á slíkt eða að menningarmunur væri mikill. Tvennt kom þó upp sem telja má til menningarmunar; annars vegar smæðin og hins vegar félagslegi þátturinn. Smæðinni fylgir minna framboð af ýmissi þjónustu og afþreyingu en það var ekki beint til vandræða. Flestir töldu sig geta aðlagast því en einn viðmælandi var mjög ákveðin í að vilja flytja frá Egilsstöðum og í stærri bæ, ekki til heimalands heldur í stærra umhverfi með meiri afþreyingu.

*Ég er alls ekki frá litlum bæ.. það er helsta vandamálið hjá mér og fjölskyldunni minni.. við erum ekki vön að búa í svona litlu samfélagi.. Við bjuggum í stórum bæ í [X].. Það er ekki mikið af tækifærum fyrir skemmtun hérna en mjög fint þar sem við erum hvort sem er að vinna [...]. Ekkert vandamál þannig séð..*

En smæðinni fylgir líka öryggi sem viðmælendur minntust nokkrir á. Bæði hvað varðar að ala upp börn og svo eru afbrot fátíð og einstaklingurinn mun frjálarsi í umhverfi sínu. Hér er svar eins viðmælanda, nokkuð langt en lýsir mjög vel því sem svarendur voru að koma á framfæri sem kosti smæðarinnar og fámennisins.

*... hérna er lífið, að mínu mati, eðlilegt og auðvelt. Ertu að vinna? Þá áttu peninga. Þegar þú átt peninga getur þú allt, málið er dautt. Hefur þú tækifæri til þess að afla þér meiri peninga? Ég þarf ekki að læsa húsinu, ég þarf ekki að læsa bílnum mínum einu sinni. Ég þarf ekki að spá hvort að síminn minn sé í rassvasanum eða í vasanum framan á buxunum mínum til þess að passa að honum sé ekki stolið. Hérna er þetta bara allt annað, hérna er traust og öryggi og bara traust til annarra. Þegar ég segi þér eitthvað þá er það líklega satt, það er eiginlega enginn að ljúga. Þegar fólksfjöldi eru margar milljónir, þá getur þú sérð allt. Auðvitað líka einhverjir góðir hlutir. Þegar í bænum eru hundrað þúsund íbúar þar er auðvitað hægt að fara og versla hvenær sem er á kvöldin og næturnar líka en það er kannski ekki alveg hægt hérna, en það bara eitthvað sem skiptir mig ekki nokkru máli.*

En félagslegi þátturinn, samfélagsgerðin truflaði þó nokkra, sérstaklega í upphafi. Þeir töldu erfitt að eignast vini eða mynda félagsleg tengsl og fundu vel fyrir menningarmun. Sumir hafa vanist þessu, aðra truflar enn hversu erfitt er að nálgast fólk, eignast vini og kunningja eða efla félagslíf.

*[Íslendingar] eru meira heimakær og ekki eins mikið að fara út til að hitta annað fólk. Eftir vinnu þá vilja þau frekar fara beint heim en að kíkja á barinn eftir vinnu á miðvikudegi. Já og þegar ég sé einhvern úr vinnunni í Bónus til dæmis þá kannski heilsa þau mér ekki en ég held að það sé bara venjulegt eða hvað? Það er maður í vinnunni sem er frá [X] líka sem er búinn að búa hér í [mörg] ár og hann sagði mér að hann var alltaf að reyna að bjóða fólki í heimsókn sem hann var að vinna með en fólk var ekki tilbúið til þess. Það vildi ekki koma.*

Menningarmunur var ekki eitt af því sem lagt var upp með að kanna en kom fram í viðtölunum. Svörin komu ekki á óvart og hafa áður komið fram í svipuðum rannsóknum.



## Viðauki 1 - Viðtalsvísir

1. Bakgrunnsupplýsingar
  - a. Nafn
  - b. Aldur
  - c. Búsetulengd
  - d. Ríkisborgari
2. Hvers vegna Ísland?
  - a. Beint á Austurland
  - b. Flutt innan Íslands
  - c. Flutt innan Austurlands
3. Menntun
  - a. Nýting fyrri menntunar
  - b. Ný menntun á Íslandi
4. Almennt um tækifæri innflytjenda á Austurlandi
  - a. Eru sömu tækifæri
  - b. Eigin tækifæri
5. Viðhorf til stéttaskiptingar á Íslandi
6. Þátttaka í samfélaginu
  - a. Pólitík
  - b. Félagasamtök
  - c. Óformlegt félagsstarf



Stjórnarráð Íslands  
Félagsmálaráðuneytið



**AUSTURBRÚ**

þekking - þróun - þjónusta

